

Það þarf þorp...

Samstarfsverkefni
skóla- og
frístundastarfsins í
Bakkahverfi, Breiðholti



Það þarf þorp...

Borg, Bakkaborg, Breiðholtsskóli, Bakkasel (frístund) og Bakkinn (félagsmiðstöð)

- Með samvinnuverkefninu Það þarf þorp... er leitast við að breyta vinnubrögðum, kenningu og samstarfi í hverfinu
- Markmið verkefnisins er að efla félagsfærni og sjálfsefningu barnanna
- Til þess að efla félagsfærni og sjálfsefningu gerum við þetta:
 - Kortleggja félagslega stöðu hvers einsasta barns í Bakkahverfi - Með því er hægt að mæta börnum sem einhverra hluta vegna eiga erfitt uppdráttar með markvissum hætti.
- Starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í hverfinu hefur nú þegar stóraukið samstarf með það að markmiði að breyta ímynd og umtali skóla og frístundastarfs í Bakkahverfi

Áskoranir

- Bakkahverfi er samfélag þar sem fjölbreytileiki er mikill
- Börnin í hverfinu búa við ólíkar félagslegar aðstæður, fjölbreytilegan menningarlegan bakgrunn, ólík tungumál ofl.
- Menntunarstig fólks yfir 18 ára aldri er lægra en í öðrum hverfum í Reykjavík
- Notkun á frístundastyrk vegna íþróttá- og tómstundastarfs er u.þ.b. 40% minna en í öðrum hverfum í Reykjavík

Af hverju erum við að þessu?

- Upphafshvati verkefnisins var neikvæð orðræða um skólana og hverfið. Við höfum tekið eftir breytingu á þessu – en þið?
- Viljum að Bakkahverfi verði eftirsóttur staður til þess að búa í og ala upp börnin
- Viljum að foreldrar viti og finni að í hverfinu sé börnum mætt með hagsmuni þeirra að leiðarljósi – að hverju og einu sé mætt með einstaklingsbundinni nálgun, að hvert og eitt barn fái tækifæri til að láta hæfileika sína skína
- Við viljum að starfsfólk auki færni sína í því að mæta hverju og einasta barni eins og það er. Það eru ekki allir eins og það verða aldrei allir eins. Eitt hentar ekki öllum.
- Aðalmálið: Við viljum að börnum líði vel, þau fái tækifæri til að láta drauma sína rætast með því að vera félagslega fær til að takast á við lífið. Þetta er ekkert svo mikið mál eða hvað? 😊

Hvað er verið að gera?

- Hluti starfsfólks sækir Verkfærakistu KVAN nú þegar. Næsta holl verður í haust. Markmiðið er að allt starfsfólk í leik-, grunn- og frístundastarfi í Bakkahverfi sæki þetta námskeið.
 - Af hverju Verkfærakista KVAN? Starfsfólk fær verkfæri í hendurnar til að efla félagsfærni barna með markvissum hætti. Auðskiljanlegar aðferðir sem henta ólíkum hópi starfsmanna.
 - Reynsla af Verkfærakistunni mjög góð annarsstaðar.
 - Samræmd vinnubrögð starfsfólks skólanna og frístundastarfsins í hverfinu
- Það verða sameiginlegir starfsdagar með fræðslu vegna verkefnisins
- Aukið samstarf milli leikskólanna, grunnskólans og frístundarstarfsins